

REGLUGERÐ EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS (ESB) 2020/1694

2021/EES/26/17

frá 11. nóvember 2020

um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 168/2013 að því er varðar sértækar ráðstafanir í tengslum við „síðustu ökutæki gerðar“ í flokki L til að bregðast við COVID-19-heimsfaraldurinum (*)

EVROPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFAR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins, einkum 114. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins,

eftir að hafa lagt drög að lagagerð fyrir þjóðþingin,

með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndar Evrópusambandsins (1),

í samræmi við almenna lagasetningarmeðferð (2),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) COVID-19-faraldurinn hefur haft í för með sér röskun aðfangakeðjunnar að því er varðar mikilvæga hluta og íhluti fyrir ökutæki í flokki L og hefur eftirspurn eftir þeim ökutækjum minnkað til muna. Þetta hefur leitt til umtalsverðra tafa fyrir framleiðendur við að selja lager sinn af Euro 4-ökutækjum sem, skv. IV. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 168/2013 (3), þarf að skrá áður en umhverfisþrep Euro 5 öðlast gildi 1. janúar 2021.
- 2) Reglur varðandi „síðustu ökutæki gerðar“, sem mælt er fyrir um í reglugerð (ESB) nr. 168/2013, heimila framleiðendum að bjóða fram á markaði, skrá eða taka í notkun takmarkaðan fjölda ökutækja á lager í flokki L, jafnvel þótt hvorki sé hægt að bjóða þau fram á markaði né að bjóða þau lengur fram á markaði, sökum þess að ökutækin hafa ekki hlotið viðurkenningu samkvæmt nýjum tæknilegum kröfum sem hafa öðlast gildi.
- 3) Að teknu tilliti til þeirrar röskunar sem COVID-19-hættuástandið hefur haft í för með sér er ljóst að reglurnar varðandi „síðustu ökutæki gerðar“ í reglugerð (ESB) nr. 168/2013 fela ekki í sér viðeigandi fyrirkomulag til að leysa vandamálið í tengslum við fjölda þeirra Euro 4-ökutækja í flokki L sem framleiðendur munu eiga á lager eftir að umhverfisþrep Euro 5 tekur gildi.
- 4) Í ljósi þeirra sérstöku aðstæðna sem COVID-19-hættuástandið hefur haft í för með sér, og til að koma í veg fyrir mögulega markaðsröskun, er nauðsynlegt að breyta reglugerð (ESB) nr. 168/2013 þannig að hún taki til sértækra ráðstafana í tengslum við „síðustu ökutæki gerðar“ í flokki L til að bregðast við COVID-19-hættuástandinu.
- 5) Til að tryggja að beiting þessarar sértæku ráðstafana fyrir „síðustu ökutæki gerðar“ takmarkist við ökutækin, sem voru til á lager þegar útgöngubann skall á í ýmsum aðildarríkjum, ættu ökutækin, sem njóta góðs af þeim sértæku ráðstöfunum fyrir síðustu ökutæki gerðar, ekki að vera fleiri en Euro 4-ökutækin í flokki L sem voru til á lager 15. mars 2020.
- 6) Þar eð aðildarríkin geta ekki fyllilega náð markmiði þessarar reglugerðar, þ.e. að breyta reglum um „síðustu ökutæki gerðar“ sem gilda fyrir árið 2021, í reglugerð (ESB) nr. 168/2013 til að bregðast við COVID-19-hættuástandinu, og því verður betur náð á vettvangi Sambandsins, vegna umfangs þess og áhrifa, er Sambandinu heimilt að samþykkja ráðstafanir í samræmi við nálægðarregluna eins og kveðið er á um í 5. gr. sáttmálans um Evrópusambandið. Í samræmi við meðalhófsregluna, eins og hún er sett fram í þeirri grein, er ekki gengið lengra en nauðsyn krefur í þessari reglugerð til að ná þessu markmiði.
- 7) Í ljósi hinna brýnu, sérstöku aðstæðna, sem hafa skapast af völdum COVID-19-hættuástandsins, er talið viðeigandi að veita undanþágu frá átta vikna frestinum, sem um getur í 4. gr. bókarinnar I um hlutverk þjóðþinga í Evrópusambandinu, sem fylgir sáttmálanum um Evrópusambandið, sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins og stofnsáttmála Kjarnorkubandalags Evrópu.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stj. 2020, ESB L 381, 13.11.2020, bls. 4. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegrar EES-nefndarinnar nr. 99/2021 frá 19. mars 2021 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

(1) Álit frá 29. október 2020 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindunum).

(2) Afstaða Evrópuþingsins frá 20. október 2020 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindunum) og ákvörðun ráðsins frá 3. nóvember 2020.

(3) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 168/2013 frá 15. janúar 2013 um viðurkenningu á og markaðseftirlit með vélknúnum ökutækjum á tveimur eða þremur hjólum og fjórhjólum (Stj. 2013, ESB L 60, 2.3.2013, bls. 52).

- 8) Því ætti að breyta reglugerð (ESB) nr. 168/2013 til samræmis við það.
- 9) Þessi reglugerð ætti að öðlast gildi sem fyrst eða daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Eftirfarandi grein er bætt við XI. kafla reglugerðar (ESB) nr. 168/2013:

„44. gr. a

Sértækar ráðstafanir í tengslum við „síðustu ökutæki gerðar“ til að bregðast við COVID-19-heimsfaraldrinum

1. Þrátt fyrir 44. gr. og með fyrirvara um 2., 3. og 4. mgr. þessarar greinar er heimilt að bjóða ökutæki, sem samrýmast gerð ökutækis með ESB-gerðarviðurkenningu sem fellur úr gildi 1. janúar 2021 skv. a-lið 2. mgr. 37. gr., fram á markaði, skrá þau eða taka þau í notkun sem „síðustu ökutæki gerðar“ fram til 31. desember 2021.
 2. „Síðustu ökutæki gerðar“, sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar, skulu ekki vera fleiri en ökutækin með ESB-gerðarviðurkenningu, sem fellur úr gildi 1. janúar 2021 skv. a-lið 2. mgr. 37. gr., sem voru til á lager 15. mars 2020.
 3. Framleiðandi sem óskar eftir því að nýta sér undanþáguna, sem um getur í 1. mgr., skal leggja beiðni fyrir yfirvald hvers aðildarríkis, þar sem bjóða á viðkomandi ökutæki fram á markaði, skrá þau eða taka þau í notkun, og gefa upp fjölda þeirra „síðustu ökutækja gerðar“ sem beiðnin, sem um getur í 1. mgr., tekur til.
- Yfirvald hvers aðildarríkis skal ákveða innan mánaðar frá móttöku beiðninnar hvort það eigi að heimila skráningu þessara „síðustu ökutækja gerðar“ á yfirráðasvæði sínu og hversu mörg þeirra eigi að skrá.
4. Í samræmisvottorði fyrir ökutæki, sem tekin eru í notkun skv. 1. mgr., skal vera sérstök athugasemd sem staðfestir að ökutækin séu „síðustu ökutæki gerðar – 2021“.
 5. Eigi síðar en 1. júlí 2021 skulu aðildarríki tilkynna framkvæmdastjórninni um fjölda þeirra ökutækja sem hafa fengið stöðuna „síðustu ökutæki gerðar“ samkvæmt þessari grein.“

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 11. nóvember 2020.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,

D. M. SASSOLI

forseti.

Fyrir hönd ráðsins,

M. ROTH

forseti.